



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

# TÍMABUNDIÐ STARFSLEYFI

fyrir útihátíð (Stuðsvell Nova x Orkusalan) og starfsemi með kælikerfi þar sem notaður er kælimiðill sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir eða ósoneyðandi efni og þjónusta við þau kerfi, á Ingólfstorgi.

Nafn leyfishafa: Nova hf.

Heimilisfang: Lágmúli 9

Póstnúmer: 108

Kennitala: 531205-0810

Útgáfudagur leyfis: 22. nóvember 2024

Gildir til: 5. janúar 2025

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með *Starfsleyfisskilyrðum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fyrir skautasvell Nova á Ingólfstorgi 22. nóvember 2024 til 5. janúar 2025, Almennum starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi og Starfsskilyrði fyrir starfsemi þar sem notað er kælikerfi sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir eða ósoneyðandi efni sem og þjónusta við þau kerfi.*

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 22. nóvember 2024

  
Óskar Sveinsson  
HEILBRIGÐISEFTIRLIT  
REYKJAVÍKUR



## Starfsleyfisskilyrði Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

fyrir skautasvell NOVA á Ingólfstorgi 22. nóvember - 31. desember 2024.

Starfsleyfi þetta gildir fyrir skautasvell NOVA hf. (kt: 531205-0810) á Ingólfstorgi frá 22. nóvember – 31. desember 2024 og rekstri kælikerfis með flúoraðar gróðurhúslofttegundir svo og þjónustu við það kerfi. Rekstraraðili ber að öllu leyti ábyrgð á starfseminni, þ.á.m. að fara að þeim lögum og reglum sem um hana gilda.

Starfsleyfið er gefið út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, reglugerð 903/2024 um hollustuhætti og reglugerð 724/2008 um hávaða.

Afnotaleyfi þarf að liggja fyrir áður en starfsemi hefst.

*Um starfsemina gilda að auki eftirfarandi starfsleyfisskilyrði eftir því sem við á:*

- Samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir útisamkomur.
- Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi.

### Sértæk skilyrði Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur:

#### Almennt

Halda ber athafnarsvæðinu hreinu og snyrtilegu, fjarlægja skal rusl jafn óðum og gæta þess að lágmarka ónæði í nálægri byggð.

Starfsemi skal ekki hefjast fyrir kl. 12:00 og vera lokið eigi síðar en kl. 22:00 alla daga fyrir utan 23. desember en þá er heimiluð starfsemi til kl. 23:00.

Rekstraraðila er skylt að reyna að fyrirbyggja slys og leita allra leiða til að gera húsnæði, lóð, aðstöðu og búnað þannig úr garði að það sé sem öruggast fyrir börn. Skrá skal slys og óhöpp sem verða og skal sjúkrakassi með nauðsynlegum gögnum vera til staðar. Við lok tímabils skal skila slysaskráningu til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

Fullnægjandi þrifum skal lokið eins fljótt og kostur er og eigi síðar en þremur klst. eftir að viðburðinum lýkur í lok hvers dags. Slípun á svelli skal ekki fara fram eftir lokun á kvöldin.

#### Hávaði

Virða skal ákvæði reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða og skal rekstraraðili gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði í samræmi við ofangreinda reglugerð.

Samkvæmt ákvæðum 10. gr. reglugerðar um hávaða skal ábyrgðaraðili auglýsa fyrir íbúum og kynna með sannanlegum hætti útiskemmtanir og útitónleika, sem haldnir eru í þéttbýli a.m.k. sólarhring áður en skemmtun eða tónleikar hefjast. Í kynningunni skal koma fram hvenær atburður hefst og hvenær honum lýkur.

Uppsetning hljóðkerfis er á vegum Luxor en leyfishafi skal tryggja að fylgt sé ákvæðum reglugerðar um hávaða. Vakin er athygli á töflu 5 í reglugerð nr. 724/2008 um mörk hávaða á samkomum. Luxor ber ábyrgð á því að



## Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

frágangur rafmagns verði þannig að hætta hljótist ekki af. Uppstilling á hljóðkerfi skal vera á þann veg að reynt sé að takmarka hljóðmengun sem berst frá hljóðkerfi að nálægri íbúabyggð. Eftirlit verður með hljóðstyrk sem berst frá starfsemi með hljóðmælingum á vegum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Miðað skal við að tónlist á svellinu sé lágstemmd en heimilt er að hafa hærra hljóðstig í afmarkaðan tíma (viðburðir), en þó aldrei lengur en 3 tíma í senn. Aldrei má fara yfir viðmiðunarmörk hávaða á samkomum sem gefin eru í töflu 5 í reglugerð 724/2008 um hávaða. Ekki skal hafa slíka viðburði oftari en 1 sinni í viku og skulu þeir kynntir sérstaklega fyrir nálægum íbúum. Almennt skal hafa lágstemmda tónlist eftir kl 19.

<b>Tafla V. Mörk fyrir hávaða á samkomum</b>			
	<b>Jafngildishljóðstig</b>	<b>Hámarkshljóðstig</b>	<b>Hæsti hljóðtoppur</b>
Samkomustaðir, útiskemmtanir og aðrir staðir þar sem fólk dvelur í skamman tíma	95 dB(A)	110 dB(A)	130 dB(A)

### Sorp og umgengni

Nægjanlegur fjöldi sorpílata skal vera til staðar og skulu sorpílát tæmd reglulega og eftir þörfum. Flokkun úrgangs skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs. Á meðan á starfsemi stendur þarf að vakta svæðið, þrifa, tína upp rusl eftir þörfum og lagfæra það sem aflaga fer.

Rekstraraðila er skylt að halda athafnasvæði, lóð og húsnæði hreinu og snyrtilegu og gæta þess að athafnasvæðið mengist ekki eða þar safnist fyrir úrgangur, svo og hlutir og búnaður sem ekki eru í notkun eða eru starfsemi óviðkomandi. Girðingum skal haldið við.

Virða skal mörk athafnasvæðis sbr. útgefið afnotaleyfi og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur fengið til afnota.

### Snyrtingar

Engar snyrtingar verða á staðnum á vegum skautasvellsins. Viðskiptavinir nota sjálfvirk almenningssalerni í miðbænum ásamt salernum hjá veitingarstöðum í kring.

### Kælikerfi

Við starfsemi með kælikerfi með flúoruðum gróðurhúsalofttegundum og þjónustu við þau kerfi skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 1066/2019 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir. Þjónustuaðili kælikerfis er IceWorld og hafa starfsmenn daglegt eftirlit með búnaðnum. Halda skal skrá yfir kælikerfin á eyðublaði sem Heilbrigðiseftirlitið leggur til. Kælikerfin skulu vera merkt með gerð og magni kælimiðla, GWP stuðli kælimiðils og CO<sub>2</sub> jafngildi kælikerfisins. Starfsmenn þjónustuaðila skulu hafa fengið vottun Umhverfisstofnunar til vinnu með flúoruðum gróðurhúsa lofttegundum. Þjónustufyrirtæki skal hafa fengið fyrirtækjavottun Umhverfisstofnunar til að þjónusta kælikerfi með flúoraðar gróðurhúsa lofttegundir.



## Hættuleg og mengandi efni

Samkvæmt reglugerð 941/2002 um hollustuhætti og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skulu hættuleg og mengandi efni meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið ónæði, heilsutjóni eða umhverfisskaða.

Viðbragðsáætlun skal vera til staðar vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á varasömum efnum.

## Mengunarvarnir

Ástand véla og tækja skal vera með þeim hætti að ekki valdi meiri mengun en ella.

## Matvæli

Sölustaðir matvæla:

1. Matvæli á hátíðinni eru seld á börum og í matsöluvögnum.
2. Allir söluaðilar matvæla skulu hafa starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur eða öðru heilbrigðiseftirlitssvæði. Óheimilt er að selja matvæli á hátíðinni án starfsleyfis.
3. Öll matvæli skulu seld í einnota umbúðum sem ætlaðar eru matvælum.
4. Skylt er að hafa sósur og dressingar í lokuðum brúsum (skvísam). Lágmarka skal notkun margnota áhalda og meðhöndlun óvarinna matvæla.
5. Áfengissala á hátíðinni verður eingöngu á vegum PAR3 ehf.
6. Bjór verður seldur úr einnota áldósum og annað áfengi úr plastglösum.

Starfsfólk veitingasölu:

1. Starfsfólk veitingasölu skal vera snyrtilegt til fara, í hreinum hlífðarfatnaði og þeir sem vinna með óvarin matvæli skulu nota höfuðbúnað sem hylur allt hárið og skegnet ef þess þarf.
2. Sér snyrtingar skulu vera til staðar sem eru eingöngu ætlaðar fyrir starfsfólk við veitingasölu.
3. Starfsfólki veitingasölu er óheimilt að nota almenningsalarni til að lágmarka hættu á matarsýkingum.
  - a. Við handlaugar skulu vera einnota pappírspurrkur ásamt viðurkenndri lyktarlausri handsápu fyrir matvælaíðnað ásamt gerileyði í veggföstum skömmturum.
4. Í sölubásam matvæla og á börum skal vera til staðar gerileyðir til sóttþreinsunar á höndum starfsfólks og einnota pappírspurrkur. Ef við á þurfa handlaugar að vera til staðar á bás ásamt handsápu, gerileyði og pappírspurrkum. Starfsfólk skal þvo hendur reglulega yfir daginn. Gæta þarf þess að lágmarka snertingu við snertifleti á leiðinni að sölubás.
5. Í matsöluvögnum skal vera handlaug með heitu og köldu vatni ásamt viðeigandi hreinlætisgögnum við hana (fljótandi handsápa, einnota pappírspurrkur og gerileyðir).
6. Söluaðilar skulu hafa lokaðan plastkassa inni á hverjum sölubás til að geyma persónulega muni.

Þrif á áhöldum og búnaði á sölustöðum matvæla:

1. Aðstaða til þvotta á áhöldum og öðrum búnaði þarf að vera til staðar.
2. Söluaðilar skulu þrifa áhöld og búnað daglega.
3. Á hverjum sölustað matvæla skulu vera údabrusar með sóttþreinsiefni til sóttþreinsunar á snertiflötum matvæla, sem ekki er nauðsynlegt að þvo af með vatni.
4. Þrifa skal borð á sölustöðum matvæla og aðra fleti með viðurkenndum hreinsiefnum og sóttþreinsiefninu eftir því sem þörf er á.
5. Ræstiaðstaða er til staðar fyrir starfsfólk veitingasölu í Norræna húsinu.



## Meðferð matvæla:

1. Flutningur, geymsla og meðferð matvæla skal vera með þeim hætti að ekki sé hætt á að matvælin óhreinkist eða spillist með neinum hætti, s.s. af völdum aðskotahluta, óhreininda og regnvatns. Tryggja skal órofnu kælikeðju við flutning.
2. Góð aðstaða skal vera til staðar til geymslu matvæla á tryggilegan hátt og við rétt hitastig. Kælivara skal geymd við 0-4°C og frystivara við a.m.k. -18°C. Við upphitun skal kjarnhitastig ná a.m.k. 75°C. Heitum matvælum skal haldið við 60°C eða hærra hitastig.
3. Öll matvæli sem boðin eru til sölu á hátíðinni skulu framleidd af aðila sem hefur starfsleyfi samkvæmt lögum um matvæli nr. 93/1995.
4. Matvæli og umbúðir skulu ekki geymd beint á gólfi eða á jörð. Óinnpökkuð matvæli skulu geymd a.m.k. 50 cm. frá gólfi eða jörð.
5. Matvæli skulu ekki geymd óvarin.

## Merkingar matvæla:

1. Innpökkuð matvæli skulu merkt samkvæmt reglugerð nr. 1294/2014 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda.
2. Söluaðilum er skylt að veita viðskiptavinum fullnægjandi upplýsingar um innihaldsefni matvæla sem seld eru óforpökkuð. Sérstaklega skal gæta að ofnæmis- og ópolsvöldum.
3. Skilti þarf að hanga uppi á sölustað á áberandi stað fyrir viðskiptavinum varðandi það að starfsfólk veiti upplýsingar um ofnæmis- og ópolsvalda.

Reykjavík, 21. nóvember 2024

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur



## Fylgiskjal 1

Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu og útgáfu starfsleyfis fyrir

# NOVA hf.

kt. 531205-0810

Lágmúli 9, 108 Reykjavík

**Starfsleyfi fyrir útihátíð og rekstri kælikerfis með flúoraðar gróðurhúslofttegundir svo og þjónustu við það kerfi á Skautasvelli NOVA á Ingólfstorgi, 101 Reykjavík.**

### 1. Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur móttók umsókn NOVA hf. kt. 531205-0810, dags. 10. október 2024, um tímabundið starfsleyfi frá 14. nóvember 2024 til 5. janúar 2025 fyrir skautasvelli og rekstri kælikerfis með flúoraðar gróðurhúslofttegundir svo og þjónustu við það kerfi. Um er að ræða nýja starfsemi.

Móttaka umsóknar var auglýst á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER), <https://reykjavik.is/motteknar-umsoknir-um-starfsleyfi>, þann 24. október 2024. Þá lá fyrir tillaga að starfsleyfi í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

### 2. Umsögn skipulags- og byggingafulltrúa

Samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal nýr atvinnurekstur vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Deiliskipulag þarf þó ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðaðróun og sé í samræmi við samþykka notkun fasteignar. Skal útgefandi starfsleyfis leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa um þessa þætti.

Starfsemin fer ekki fram í húsnæði. Fyrir liggur afnotaleyfi Reykjavíkurborgar fyrir afnotum af borgarlandi fyrir viðburðinum. Afnotaleyfið er nr. R20240489 og er dagsett 11. nóvember 2024.

### 3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögur að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Í samræmi við ofangreint ákvað Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur í umboði heilbrigðisnefndar að auglýsa tillögu að tímabundnu starfsleyfi fyrir NOVA hf. kt. 531205-0810 vegna reksturs á skautasvelli og rekstri kælikerfis með flúoraðar gróðurhúslofttegundir svo og þjónustu við það kerfi á heimasíðu Heilbrigðiseftirlitsins. Í tillögunni er lagt til að starfsleyfið gildi frá 14. nóvember 2024 til 5. janúar 2025 og að um starfsemina gildi almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi, samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir útisamkomur, starfsskilyrði fyrir starfsemi með kælikerfi með flúoraðar gróðurhúslofttegundir sem og þjónusta við þau kerfi og Starfsleyfisskilyrði Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fyrir skautasvell NOVA á Ingólfstorgu 14. nóvember 2024- 5. janúar 2025. Auglýsingin var birt þann 24. október 2024. og var frestur til að gera athugasemdir auglýstur til 22. nóvember 2024 eða fjórar vikur.



#### 4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma

Alls barst 1 athugasemd við tillögu að starfsleyfi. Gerð er grein fyrir athugasemdunum hér að neðan (athugasemdir með skáletri til aðgreiningar) og svör HER við þeim. Athugasemdirnar eru birtar í tímaröð eftir því hvenær þær bárust HER.

Að höfðu samráði við lögfræðinga hjá Reykjavíkurborg sem veita HER lögfræðilega ráðgjöf hvað varðar persónuverndarsjónarmið eru athugasemdirnar birtar með nafni þess sem sendi inn eða skrifuðu undir en önnur persónugreinanleg gögn hafa verið fjarlægð vegna persónuverndarsjónarmiða.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur það hlutverk samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir að veita starfsleyfi fyrir starfsleyfisskylda starfsemi sbr. viðauka IV við lög nr. 7/1998 og setja starfseminni ramma í starfsleyfisskilyrðum um hvað geti talist ásættanleg umhverfisáhrif (mengunarvarnir, umgengni o.fl.) út frá m.a. starfseminni og staðsetningu.

#### Umsögn frá Sverri Guðjónssyni, Elínu Eddu Árnadóttur, Ástu Kristínu Gunnarsdóttur og Oddi Björnssyni dags. 12. nóvember 2024 um tillögu að starfsleyfi fyrir skautasvelli NOVA á Ingólfstorgi:

*Við undirrituð mótmælum eindregið þeirri tillögu að gildistími Skautasvells Nova á Ingólfstorgi nái frá 14.nóvember 2024 til 5.janúar 2025. Hér er um töluverða framlengingu á þeim tíma sem hingað til hefur verið leyfður.*

*Í þessu leyfisbréfi kemur hvergi fram við hvaða hávaðamörk er miðað, hvað varðar hátalarakerfi svellsins. Hingað til hefur ekki verið nóg að benda á hávaðalög okkur íbúum miðborgar til varnar, og því nauðsynlegt að slíkt komi fram, með skýrum hætti, í viðkomandi leyfisbréfi.*

*Hljóðvist miðborgar Reykjavíkur.*

*Í ljósi þeirrar miklu umræðu sem fram hefur farið, í tengslum við hljóðmengun miðborgar Reykjavíkur, þá viljum við undirrituð ítreka mikilvægi þess að HER setji upp hljóðmæla við Ingólfstorg. Ingólfssvell er handan við hornið, þar sem jólatónlist er leikin utandyra, 10 til 12 tíma daglega, í heilan mánuð. Skautasvellið er góðra gjalda vert, en tónlistarkeyrsla sem fer yfir viðmiðunarmörk Heilbrigðiseftirlitsins (55 dB), brýtur Lögreglusamþykkt, Reglugerð um hávaða, og ákvæði Stjórnarskrár um friðhelgi einkalífs og heimilis. Við höfum ekkert á móti skautasvelli, en erum illa brennd af tónlistarhávaða sem berst frá hátölurum götunnar og truflar okkar heimilisfrið.*

*Við undirrituð förum fram á það, að Nova, Reykjavíkurborg og HER undirbúi þau sem stýra jólatónlistarkeyrslu Ingólfssvells og sjái til þess að styrkur og bassastilling verði í algjöru lágmarki. Einnig reiknum við með að geta hringt til starfsmanns Reykjavíkurborgar, ef hávaðinn fer úr böndunum. Við mótmælum eindregið útítónleikum, DJ-skífufeyturum eða hávaðasömum viðburðum við svellið, sem er alls ekki innifalið í rekstrarleyfi Nova við Ingólfssvell, og brýtur í bága við lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar.*

**Svar HER:** Starfstími skautasvellsins verður frá 22. nóvember til 31. desember skv. upplýsingum frá rekstraraðila. Tímabilið sem auglýst starfsleyfi nær yfir inniheldur einnig tíma fyrir uppsetningu og frágang þannig að eiginlegur opnunartími svellsins er óbreyttur milli ára. Fyrir mistök var rangur gildistími í tillögu til auglýsingar en frá 14. nóvember í stað 22. nóvember. Er það leiðrétt við afgreiðslu umsóknar.

Heilbrigðiseftirlitið hefur gert þá kröfu í drögum að starfsleyfisskilyrðum að uppstilling á hljóðkerfi skal vera á þann veg að reynt sé að takmarka hljóðmengun sem berst frá hljóðkerfi að nálægri íbúabyggð. Eftirlit verður með hljóðstyrk sem berst frá starfseminni verður með hljóðmælingum á vegum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Almennt skal hafa lágstemmda tónlist eftir kl 19.



Varðandi viðburði þá kemur fram í drögum að starfsleyfisskilyrðum að miðað skal við að tónlist á svellinu sé lágstemmd en heimilt er að hafa hærra hljóðstig í afmarkaðan tíma (viðburðir), en þó aldrei lengur en 3 tíma í senn. Aldrei má fara yfir viðmiðunarmörk hávaða á samkomum sem gefin eru í töflu 5 í reglugerð 724/2008 um hávaða. Ekki skal hafa slíka viðburði oftari en 1 sinni í viku og skulu þeir kynntir sérstaklega fyrir nálægum íbúum.

Heilbrigðiseftirlitið hefur farið yfir hávaðamál með rekstraraðilum skautasvellsins og mun fylgjast með hljóðmælingum á meðan starfsemi fer fram.

## 5. Breytingar á tillögu að starfsleyfi

Að lokinni yfirferð á athugasemdum voru gerðar voru tvær tillögur að breytingum á ákvæðum starfsleyfisskilyrða frá auglýstri tillögu þegar umsókn NOVA hf. var lögð fyrir afgreiðslufund Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur 22. nóvember 2024.

Gildistími starfsleyfis var leiðréttur og er frá 22. nóvember til 31. desember 2024 í samræmi við opnunartíma svells. Einnig var gerð breyting á einnig setningu í almennum kafla starfsleyfisskilyrða og er nú:

Starfsemi skal ekki hefjast fyrir kl. 12:00 og vera lokið eigi síðar en kl. 22:00 alla daga fyrir utan 23. desember en þá er heimiluð starfsemi til kl. 23:00.

En var áður:

Starfsemi skal vera lokið eigi síðar en kl. 22:00 alla daga fyrir utan 23. desember en þá er heimiluð starfsemi til kl. 23:00.

## 6. Ákvörðun heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um útgáfu starfsleyfis

Í samræmi við viðauka 2.2 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 1020/2019, var ofangreind starfsleyfisumsókn NOVA hf., tekin fyrir á 1806. afgreiðslufundi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur þann 22. nóvember 2024 og samþykkt að gefa út starfsleyfi fyrir starfsemina til 31. desember 2025.

## 7. Kæruleið og kærufrestur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðiseftirlitsins í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Reykjavík, 22. nóvember 2024.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur,

---

Helgi Guðjónsson  
heilbrigðisfulltrúi



# Starfsskilyrði fyrir

## starfsemi þar sem notað er kælikerfi sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir eða ósoneyðandi efni sem og þjónusta við þau kerfi

Samræmd starfsskilyrði vegna mengunarvarna, skv. 5 gr. reglugerðar um skráningarskyldan atvinnurekstur nr. 830/2022, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum.

Rekstraraðila ber ávallt að uppfylla skilyrði þessi og almenn skilyrði. Einnig skal tryggja að starfsemi hans sé í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerða settar samkvæmt þeim.

### 1. FLÚORAÐAR GRÓÐURHÚSALOFTEGUNDIR (F-GÖS)

	Rgl.nr.
1.1 Flytji rekstraraðili inn HFC-efni skal hann hafa innflutningsheimildir frá Umhverfisstofnun.	9. gr. reglugerðar nr. 1066/2019.
1.2 Rekstraraðili skal aðeins afhenda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir þeim aðilum sem hlotið hafa vottun skv. 7. gr. reglugerðar nr. 1066/2019 eða starfi fyrir fyrirtæki sem hefur vottun skv. 8. gr. sömu reglugerðar.	5. gr. reglugerðar nr. 1066/2019.
1.3 Merkingar skulu vera til staðar á vörum og/eða búnaði rekstraraðila sem inniheldur F-gös.	6. gr. reglugerðar nr. 1066/2019 og 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 517/2014.
1.4 Óheimilt er að nota flúoraðar gróðurhúsalofttegundir með hnatthlúnunarmátt upp á 2500 eða meira til að þjónusta eða viðhalda kælibúnaði með áfyllingarstærð upp á 40 tonn af jafngildiseiningum koltvísýrings eða meira. Bannið gengur ekki í gildi fyrr en 1. janúar 2030 fyrir endurunnar og endurnýttar flúoraðar gróðurhúsalofttegundir sem notaðar eru til að viðhalda eða þjónusta kælibúnað sem er þegar í notkun, að uppfylltum skilyrðum reglugerðarinnar.	13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 517/2014, sbr. reglugerð nr. 1066/2019.

1.5 Tryggja skal að starfsfólk og fyrirtæki sem þjónustar búnað sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir hafi til þess gilda vottun.	7. og 8. gr. reglugerðar nr. 1066/2019.
1.6 Rekstraraðili skal tryggja að kerfið sé lekaleitað innan þeirra tímamarka sem mælt er fyrir um í 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 517/2014, sbr. reglugerð nr. 1066/2019.	4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 517/2014, sbr. reglugerð nr. 1066/2019.
1.7 Rekstraraðila kælikerfis ber að hindra leka flúoraðra gróðurhúsalofttegunda. Verði vart um leka skal viðgerð fara fram án tafar. Ef gert er við búnaðinn vegna leka skal lekaprófa hann aftur innan mánaðar til að tryggja að viðgerðin hafi heppnast.	41. gr. efnalaga nr. 61/2013 og 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 517/2014, sbr. reglugerð nr. 1066/2019
1.8 Lekagreiningarkerfi skal vera til staðar á kerfum sem innihalda 500 tonn jafngildiseininga koltvísýrings eða meira af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum. Rekstraraðili skal sjá til þess að lekagreiningarkerfið sé skoðað með minnst 12 mánaða millibili til að tryggja að það virki sem skyldi.	5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 517/2014, sbr. reglugerð nr. 1066/2019
1.9 Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið. Rekstraraðili skal skrá upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila: a. magn og tegund flúoraðra gróðurhúsalofttegunda sem eru settar upp, b. magn flúoraðra gróðurhúsalofttegunda sem er bætt við í uppsetningu, við viðhald eða þjónustu eða vegna leka, c. hvort magn uppsettra flúoraðra gróðurhúsalofttegunda hefur verið endurunnið eða endurnýtt, ásamt heiti og heimilisfangi endurvinnslu- eða endurheimtarstöðvarinnar og, þegar við á, númer starfsleyfisskírteinis þess, d. magn flúoraðra gróðurhúsalofttegunda sem er endurheimt, e. kennitölu fyrirtækisins sem setti upp, þjónustaði, hélt við og, ef við á, gerði við eða úrelti búnaðinn, þ.m.t. ef við á, númer starfsleyfisskírteinis þess, f. dagsetningar prófana sem voru gerðar skv. 1. til 3. mgr. 4. gr. og niðurstöður þeirra, g. ef búnaðurinn var úreltur: hvaða ráðstafanir voru gerðar til að endurheimta og farga flúoruðu gróðurhúsalofttegundunum.	6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 517/2014, sbr. reglugerð nr. 1066/2019

<p>1.10 Fyrirtæki sem afhenda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir skulu koma sér upp skrá með viðeigandi upplýsingum um kaupendur flúoraðra gróðurhúsalofttegunda sem m.a. innihalda eftirfarandi upplýsingar:</p> <p>a. skírteinisnúmer kaupendanna og</p> <p>b. keypt magn af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum</p>	<p>6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 517/2014, sbr. reglugerð nr. 1066/2019</p>
<p>1.11 Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, eða reksturinn stöðvast óvænt skal áætlun vegna rekstrarstöðvunar vera til staðar til þess að kælimiðillinn sé endurheimtur af aðila sem hefur til þess vottun og honum komið í viðeigandi farveg til endurvinnslu eða förgunar.</p>	

**Starfsskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:**

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, efnalög nr. 61/2013, reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, reglugerð nr. 1066/2019 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir.



## Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi

### 1. Gildissvið og almenn ákvæði

- 1.1 Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi eru gefin út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnaeftirlit, með síðari breytingum. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur eftirlit með starfseminni.
- 1.2 Handhafi starfsleyfis skal vera sá einstaklingur eða lögaðili sem rekur eða stýrir þeirri starfsemi sem starfsleyfið nær til, hér eftir kallaður rekstraraðili. Rekstraraðila ber að sjá til þess að starfsemin sé í samræmi við lög og reglur sem um starfsemina gilda og ákvæði starfsleyfisskilyrða. Rekstraraðili ber ábyrgð á að starfsemin fari með þeim hætti að hvorki fólki né umhverfi stafi hættu af.
- 1.3 Heimilt er að endurskoða starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða ef mengun er meiri en búast mátti við. Sama gildir ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi eða fram kemur ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna, samanber gr. 5 í rgl. 550/2018.
- 1.4 Um endurskoðun á starfsleyfisskilyrðum skal fara skv. ákvæðum í gr. 14 í reglugerð nr. 550/2018.
- 1.5 Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur ber að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.6 Ef rekstraraðili fyrirhugar að gera breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem varðað geta starfsleyfið ber honum að tilkynna Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um það með a.m.k. 3 mánaða fyrirvara, sbr. gr. 13 í rgl. 550/2018. Heilbrigðiseftirlitið metur upplýsingarnar innan fjögurra vikna frá móttöku þeirra og tilkynnir rekstraraðila skriflega um það hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi.
- 1.7 Öll mengunaróhöpp þar sem hættuleg efni eða spilliefni berast í fráveitu, jarðveg, sjó eða yfirborðsvatn ber tafarlaust að tilkynna Heilbrigðiseftirlitinu.
- 1.8 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um úrbætur getur Heilbrigðiseftirlitið beitt ákvæðum XVII kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.
- 1.9 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.10 Um opinbert eftirlit heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með starfsleyfisskyldri starfsemi fer skv. gr. 57 í rgl. nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- 1.11 Starfsleyfi skal vera sýnilegt með áberandi hætti á starfsstöðinni. Eintak af skilyrðunum skal ávallt tiltækt á vinnustað og skal rekstraraðili bera ábyrgð á að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.



- 1.12 Almennigur á rétt á upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði IV viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur birtir þær upplýsingar og niðurstöður eftirlits opinberlega. Birtingin er á vefsíðu embættisins eða með öðrum aðgengilegum hætti.

## **2. Lóð, athafnasvæði og húsnæði**

- 2.1 Rekstraraðila er skylt að halda athafnasvæði, lóð og húsnæði hreinu og snyrtilegu og gæta þess að athafnasvæðið mengist ekki eða þar safnist fyrir úrgangur, svo og hlutir og búnaður sem ekki eru í notkun eða eru starfsemi óviðkomandi. Sorpgeymslur og ílát undir úrgang skulu standast kröfur Heilbrigðiseftirlitsins. Girðingum skal haldið við.
- 2.2 Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur fengið til afnota. Notkun lóðar og húsnæðis skal samrýmast því skipulagi og notkunargildi sem skipulags- og byggingaryfirvöld hafa samþykkt. Heilbrigðiseftirlitið getur krafist þess að lóð eða svæði innan hennar sé afgirt.
- 2.3 Að öðru leyti skal hlýta ákvæðum gr. 16 og 18 í reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

## **3. Meðferð hættulegra efna**

- 3.1 Geyma skal öll hættuleg efni á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið ónæði, heilsutjóni eða umhverfisskaða. Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um að efnavara eða stök efni séu geymd í læstum hirslum
- 3.2 Hættuleg efni skulu ekki geymd utandyra nema tryggt sé að mönnum og umhverfi stafi ekki hættu af þeim.
- 3.3 Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndu sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.
- 3.4 Umbúðir hættulegra efna skulu merktar samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablanda.
- 3.5 Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustaðnum.
- 3.6 Heilbrigðiseftirlitið getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á varasömum efnum. Áætlunina skal uppfæra eftir þörfum við breytingar á starfsemi, á efnum eða aðstæðum á starfsstöð. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað í starfsstöðinni. Hún skal yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Æfa skal viðbrögð við óhöppum a.m.k. einu sinni á ári. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

## **4. Meðferð úrgangs og spilliefna**

- 4.1 Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er.
- 4.2 Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er nokkur kostur. Meðal annars skulu einstakar gerðir úrgangs flokkaðar sérstaklega sé það nauðsynlegt til að endurnotkun eða endurnýting geti farið fram.



- Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.
- 4.3 Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfisvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.
  - 4.4 Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð traust ílát sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætt á að umbúðir verði fyrir hnjaski.
  - 4.5 Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.
  - 4.6 Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings viðkomandi úrgangs.
  - 4.7 Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu aðgengilegar við eftirlit í fyrirtækinu.
  - 4.8 Leggist starfsemin niður skal öllum spilliefnum og ónothæfum efnum skilað til móttökustöðvar fyrir spilliefni.
  - 4.9 Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni m.s.br. Um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs m.s.br.

## 5. Mengunarvarnir

- 5.1 Öll losun mengandi efna er óheimil án tilskilinna leyfa.
- 5.2 Rekstraraðila ber að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir að vatn, loft eða jarðvegur mengist. Halda skal í lágmarki mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa. Rekstraraðila er skylt að verða við kröfum Heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur í mengunarvörnum þ.á.m. uppsetningu mengunarvarnabúnaðar, s.s. hreinsunarbúnaðar, loftútrása og hávaðavarna.
- 5.3 Ástand véla og tækja skal vera með þeim hætti að ekki valdi meiri mengun en ella. Ástand og eftirlit með mengunarvarnabúnaði skal vera þannig að búnaðurinn virki eins vel og kostur er.
- 5.4 Rekstraraðila ber að tryggja að atvinnureksturinn sé með þeim hætti að allar viðeigandi mengunarvarnir séu viðhafðar, og til þess sé beitt bestu aðgengilegu tækni (BAT), hafi hún verið skilgreind. Orku skal nýta vel.
- 5.5 Heilbrigðiseftirlitið getur farið fram á að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra mengunaróhappa. Áætlunina skal uppfæra eftir þörfum við breytingar á starfsemi, efnum eða aðstæðum á starfsstöð. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað í starfsstöðinni. Hún skal yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Æfa skal viðbrögð við óhöppum a.m.k. einu sinni á ári. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.
- 5.6 Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að draga úr hávaða og koma í veg fyrir ónæði og heilsuspillandi áhrif af völdum hávaða frá starfseminni. Um hávaða fer að öðru leyti skv. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.



- 5.7 Starfseminni skal þannig háttað að hún valdi ekki fólki í nágrenninu ónæði, óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna mengunar. Komi upp vandamál vegna lykta eða mengandi efna frá útblæstri, er rekstraraðila skylt að verða við kröfum Heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur, s.s. uppsetningu hreinsibúnaðar eða hærri útrásar. sbr. gr. 5.2.
- 5.8 Þar sem fljótandi mengandi efni eru til staðar s.s. hættuleg efni, olíuefni og spilliefni skal undirlag vera vökvahelt og viðbragðsbúnaður hafður til taks, s.s. ílát og efni eða búnaður sem sýgur í sig vökva. Uppsogsgeta búnaðar skal taka mið af magni efna sem geymd eru á staðnum og eðli. Þar sem mikið magn framangreindra efna er til staðar skal auk þess hafa tiltækan búnað til að loka niðurföllum eða hindra á annan hátt að efnin geti borist í niðurföll. Heilbrigðiseftirlitið getur í sérstökum tilvikum gert kröfu um búnað, s.s. safntank eða lokubúnað á olíuskilju til að koma í veg fyrir að mengandi efni berist í fráveitu ef óhapp verður. Ef óhapp á sér stað skal leggja áherslu á að hefta útbreiðslu efnanna við uppsprettu og ná þeim upp áður en þau komast í frárennsli.
- 5.9 Við rekstur olíugeyma, meðhöndlun, notkun og geymslu á olíu, lýsi og grút, lífdísel og öðru lífheldsneyti, íblöndunarefni eða lífrænum leysum sem hafa svipaða eiginleika og olía og úrgangur þessara efna er meðhöndlaður eða geymdur ber að fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, m.s.br.
- 5.10 Þar sem neyslu-, húsa- eða lausageymar eru í notkun skulu vera öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir.
- 5.11 Neyslugeymar sem notaðir eru fyrir áfyllingu á farartæki skulu vera með yfirfyllingarviðvörðun eða yfirfyllingavörn. Afgreiðsluplan tengt olíuskilju skal vera við neyslugeyma til afgreiðslu á ökutæki, sbr. þó undanþáguákvæði í gr. 41. í rgl. 884/2017. Olíuskilja skal vera skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar og gildandi stöðlum sbr. viðauka II í rgl. 884/2017. Olíu- og sandskiljur skal skoða og yfirfara reglulega, en þó eigi sjaldnar en á 6 mánaða fresti, og tæma og hreinsa eftir þörfum með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um olíuskiljur.
- 5.12 Gengið skal þannig frá neyslugeymum að ekki geti orðið sjálfrennsli frá þeim.
- 5.13 Neyslugeymir skal útbúinn afgreiðslubyssu með útsláttarbúnaði sem lokar fyrir rennsli áður en yfirfylling á sér stað. Afgreiðslubyssur skulu þannig útbúnar að ekki sé hægt að festa þær í opinni stöðu á milli afgreiðslna.
- 5.14 Þar sem olíuefni af jarðefnaolíuuppruna eru notuð skal koma í veg fyrir að þau berist út í umhverfið. Ef gera má ráð fyrir að olíuefni berist í frárennsli skal frárennslið leitt um olíuskilju. Olíuskilja skal vera skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. Á olíuskiljunni skal vera búnaður til að loka fyrir frárennsli frá henni, þannig að hægt sé að safna þar olíu og dæla beint úr skiljunni verði stórfellt óhapp.
- 5.15 Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, ásamt síðari breytingum.
- 5.16 Að öðru leyti skal fylgja ákvæðum rgl. 860/2000 um amalgammengað vatn og amalgammengaðan úrgang frá tannlæknastofum, rgl. nr. 920/2016 um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmslofti og upplýsingar til almennings, rgl. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) ásamt síðari breytingum, rgl. 787/1999 um loftgæði, rgl. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, rgl. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns, rgl. 798/1999 um fráveitur og skólþ, rgl. 799/1999 um meðhöndlun seyru, rgl. 804/1999 um varnir gegn



mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri og rgl. 809/1999 um olíuúrgang.

## **6. Eigið eftirlit og skráningar**

- 6.1 Rekstraraðili skal hafa eftirlit með öllum rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun. Jafnóðum skal skrá og geyma upplýsingar um:
- Eftirlit með, úttektir, prófanir, bilanir og viðhald á mengunarvarnabúnaði, þ.m.t. hreinsun á síum, olíuskiljum, skorsteinum og loftrásum.
  - Öll mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
  - Magn (kg,l) og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar eða flutningsaðila. Enn fremur nafn flutningsaðila og móttökustöðvar.
  - Annað sem ber að skrá skv. ákvæðum reglugerða eða sértækra starfsleyfisskilyrða.

## **7 Starfsemi hætt**

- 7.1 Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnun og búnaði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt til að fyrirbyggja mengun og til hreinsunar lóðar. Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með a.m.k. mánaðar fyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi.
- 7.2 Ef líkur eru taldar á því að athafnasvæði fyrirtækis hafi mengast, skal rekstraraðili ganga úr skugga um hvort svo sé þegar starfsemin er lögð niður eða flutt. Komi í ljós mengun skal fyrirtækið láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf. Við ákvörðun um athugun á athafnasvæði, mat á mengun, hreinsunarþörf og hreinsiaðgerðir skal haft fullt samráð við Heilbrigðiseftirlitið.
- 7.3 Að öðru leyti skal hlýta ákvæðum gr. 16 og 18 í rgl nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Samþykkt á 10. fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkur 5.12.2018.